



Knattspyrnudeild ÍR  
Axel Kári Vignisson, formaður

Reykjavík, 9. júlí 2024

### Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Gróttu og ÍR þann 5. júní 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 9. júlí, var tekin fyrir skýrsla eftirlitsmanns á leik Gróttu og ÍR í Lengjudeild karla þann 30. maí sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í skýrslu eftirlitsmanns KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns í leiknum er svohljóðandi:

„Stuðningsmenn aðkomuliðs kveiktu á nokkrum blysum undir lok leiks og eftir leik. Þetta olli nokkrum óþægindum fyrir áhorfendur sem máttu búa við það að fá reykingar yfir sig með tilheyrandi ólykt. Öryggisgæsla heimaliðs var lítil til að bregðast við þessu.

Öryggisgæsla almennings var ófullnægjandi.“

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 2. júlí sl. leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að þau atvik sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gætu varðað við 13. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10. laga KSÍ. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 9. júlí 2024 lá fyrir greinargerð frá Knattspyrnudeild ÍR sem barst nefndinni þann sama dag. Í greinargerð ÍR kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Stjórn knattspyrnudeildar hefur rætt við nokkra sem halda utan um stuðningsmannasveit okkar á almennum nótum um að háttsemi af þessu tagi líðist ekki. Þeir sem við höfum rætt við segja að það hafi ekki verið skotblys eða blys sem stafar eldhætta af á svæðinu heldur einhvers konar litabomba sem flæðir blár litur úr. Hvað sem því líður höfum við bent þeim á að taka verði tillit til reglna og annarra áhorfenda og beðið þá um að hætta slíku.

Þessi stuðningsmannasveit varð til fyrir þetta tímabil og samanstendur af ungum krökkum sem eru nær allir undir tvítugu. Við munum fylgjast með þeim og leiðbeina þeim eftir fremsta megni um að bera virðingu fyrir leiknum, áhorfendum og andstæðingum í hvívetna.“

#### Niðurstaða:

Í samræmi við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10 laga KSÍ, skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ. Ber sérhvert aðildarfélag þannig hlutlæga ábyrgð á framkomu m.a. stuðningsmanna sinna og getur hlotið viðurlög í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða lög KSÍ.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 9. júlí lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild ÍR vegna málsins sem barst nefndinni þann sama dag. Að teknu tilliti til greinargerðarinnar og annarra fyrirliggjandi gagna er það álit aga- og úrskurðarnefndar að framkoma áhorfenda ÍR, er kveikt var á blysum í áhorfendastúku, hafi verið vítaverð. Samkvæmt því fellur framkoma áhorfenda ÍR undir grein 13.9.d) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi qerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“*

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild ÍR vegna framkomu áhorfenda í garð dómara eftir leik liðsins við Gróttu í Lengjudeild karla. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar ÍR hæfilega ákveðin kr. 50.000,-.

#### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild ÍR skal sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson